

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 320/2023

2024/EES/48/23

frá 8. desember 2023

um breytingu á VII. viðauka (Viðurkenning á faglegri
menntun og hæfi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ísland hefur tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA um breytingar á lögum, reglum og stjórnsýslu-fyrirmælum að því er varðar úgáfu vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á þeim sviðum sem falla undir tilskipun 2005/36/EB. Eftirlitsstofnun EFTA hefur, í samræmi við 4. mgr. 21. gr. a. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB ⁽¹⁾, eins og hún var tekin upp í VII. viðauka við EES-samninginn, samþykkt tilmæli 21. júní 2023 ⁽²⁾, þar sem vísað er til slíkra tilkynntra breytinga. Í þágu skýrleika og réttarvissu ber að endurspegla þessar breytingar í viðeigandi aðlögunartexta við tilskipun 2005/36/EB sem er að finna í VII. viðauka við EES-samninginn.
- 2) VII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað raðarinnar sem byrjar á orðinu „Ísland“, í töflunni í i-undirlið, g-liðar staflíðar E, í 1. tölulið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB) VII. viðauka við EES-samninginn.

„Ísland	Meistarapróf í arkitektúr	Listaháskóli Íslands		2021/2022“
---------	---------------------------	----------------------	--	------------

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

⁽²⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 087/23/COL frá 21. júní 2023.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.